


BÆKLINGUR UM NÝ NÁMSKEIÐ VORÖNN 2019



FJÖLMENNT

SÍMENNTUNAR- & ÞEKKINGARMÍÐSTÖÐ

Umsóknarfrestur er til 20.nóvember

Kvöldnámskeið -NÝTT

Podcast

Á námskeiðinu verða kynntir möguleikar Podcast forritisins svo sem að leita að efni og merkja upphaldspætti til þess að hlusta á.

Spotify

Spotify er tónlistarveita sem býður upp á einfalda leið til að hlusta á tónlist í tölvu og snjalltækjum. Á námskeiðinu verða kynntir möguleikar forritisins, t.d. að leita að tónlist, vista einstök lög og búa til lagalista.

Storytel

Storytel er hljóðbókarveita fyrir hljóðbækur sem notendur eru áskrifendur að. Í forritinu er hægt að hlaða niður og hlusta á fjölbreytt safn hljóðbóka.

Á námskeiðinu verður prufuaðgangur að forritinu sóttur og möguleikar þess kynntir.

Öruggrótt fíflalæti í snjalltækinu þínu

Langar þig að læra á skemmtileg smáforrit og samfélagsmiðla í snjalltækinu þínu? Samhliða því að læra hvernig skemmtilegt er að nota smáforrit er áhersla á að upplýsa þátttakendur um ábyrgð sína á samfélagsmiðlum.

Tölvu og upplýsingatækni



Pitt eigið podcast/hlaðvarp

Podcast eða hljóðvarp eru stuttar hljóðupptökur á netinu eða útvarpsþættir um hin ýmsu mál, svo sem íþróttir, baráttumál, menningu og spjallþættir.

Á námskeiðinu verður búið til handrit, undirbúa upptöku, finna efni fyrir þáttinn og margt fleira.



Að halda dagbók í tölvu eða snjalltæki

Dagbókarskrif er góð leið til að skrá hugsanir sínar og atburði líðandi stundar. Þær hvetja til innihaldsríkrar samræðu, varðveita minningar og veita mikla gleði þegar frá líður.

Facebook

Námskeiðið er fyrir alla sem hafa áhuga á að nota Facebook, jafnt fyrir byrjendur og lengra komna.

Myndlist og handverk



Vatnslitir - urð og grjótt

Á þessu námskeiði tinum við steina, grjótt, skeljar og annað sem vekur áhuga okkar í náttúrunni. Við rannsökum form, liti, áferð, vinnum með skissuteikningar og málum með vatnslitum. Unnið verður með grátónaskalann og liti og litatóna efniviðsins. Stefnt verður að því að fara í vettvangsferð á námskeiðinu.

Heimilisfræði



Bodid í brunch - stutt námskeið

Það er gaman að bjóða í brunch og veitingarnar geta verið fjölbreyttar. Aðal atriðið er góður félagsskapur og að njóta.

Á námskeiðinu velja þátttakendur í samstarfi við kennara rétti til að bjóða upp á.



Bollakökur, gómsæt litagleði - stutt námskeið

Á þessu námskeiði læra þátttakendur að baka nokkrar gerðir af bollakökum. Þær geta verið alls konar. Bollakökur geta verið sætar og fallega skreyttar en þá má líka gera í hollari kantinum. Fer allt eftir áhuga hvers og eins.



Sushi - stutt námskeið

Langar þig að læra að gera sushi? Á þessu námskeiði verða tekin fyrstu skrefin í átt að verða sushi meistari. Gerðar verða nokkrar tegundir af sushi, borðað saman og haft gaman.

Tónlist og leiklist



Snjallbandið

Snjallbandið er hljómsveit fyrir fólk sem hefur áhuga á að skapa sína eigin tónlist í iPad eða með öðrum rafmögnum hljóðgjöfum. Á námskeiðinu er unnið með tónsköpun, hlustun og tæknivinnu.



Hljómlist frá framandi heimum

Námskeið fyrir alla sem hafa gaman að öðruvísi tónlist. Markmið námskeiðsins snýst fyrst og fremst um upplifun og reynslu, virkni og tjáningu. Áhersla er lögð á að njóta tónlistarinnar, og hafa tækifæri til að velja og hafa áhrif á framvindu námskeiðsins.



Sjálfsstyrking / Valdefling



Sendiherrar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Veist þú hvaða réttindi fatlað fólk hefur samkvæmt Samningi Sameinuðu þjóðanna? Langar þig að starfa með hópi fólks við að kynna þessi réttindi? Sendiherrarnir eru öflugur hópur fólks með þroskahömlun sem hefur það hlutverk að kynna samninginn fyrir öðrum.

Nú leitum við að ungu fólki til að koma í sendiherrahópin. Ef þú ert á aldrinum 18 - 25 ára og hefur mikinn áhuga á réttindum fatlaðs fólks getur þú sótt um að verða sendiherra.



"Hygge" Huggulegt í húsi og huga

Að tileinka sér hinn vinsæla danska lífsstíl hvað varðar "hygge". Þetta er hugsun sem hefur rutt sér til rúms víða í heiminum á síðustu árum. Þessi gullna stund getur verið heima við, á vinnustað eða í skóla, eða úti í náttúrunni til dæmis í lautarferð.

Markmið námskeiðsins er að búa til "klæðskerasniðna" uppskrift fyrir hvern þátttakanda um það hvernig má skapa þannig andrúmsloft og umgjörð utan um stundina, núð, að það verði eins djúp upplifun af vellíðan og hægt er.

NÁMSKEIÐSFLOKKAR



[Heimilisfræði](#)



[Íþróttir, sund og dans](#)



[Kvöldnámskeið -NÝTT](#)



[Mál og samfélag](#)



[Myndlist og handverk](#)



[Sjálfsstyrking / Valdefling](#)



[Tónlist og leiklist](#)



[Tölvu og upplýsingatækni](#)



[Ökunám](#)



[Jólanámskeið 2018](#)